

Fræðslunefndarfundur haldinn 03. maí 2016 í Kirkjuhvoli
144. Fundur

Mætt eru: Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir (D) formaður, Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) varaformaður, Rakel Pálmadóttir (D), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó), Sverrir Gíslason (Ó).

Fundargerð er tölvuskrað og er 3 bls að lengd

Formaður setur fund og býður folk velkomið kl. 13.10.

Dagskrá

Heilsuleikskólinn Kæríbær:

Mættir: Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Sunneva Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra.

Kl 13:15 -14:00

1. Bréf frá MMR dagsett 14.3.2016, bréfið tekið fyrir
Bréf frá MMR dagsett 16.4.2016, bréfið tekið fyrir.
2. Skóladagatal
Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri leggur fram tillögu að skóladagatali.
3. Sumarleyfi og vistunartími barna, niðurstöður vinnuhóps kynntar.

Fræðslunefnd leggur til að sumarlokun leikskólans verði áfram fjórar vikur ár hvert á tímabilinu 15.júní til 15. ágúst. En að þessar fjórar vikur rúlli ár frá ári á tímabilinu 15.júní til 15. júlí, frá 1.-31.júlí og frá 15. júlí til 15. ágúst.

Leikskólastjóra er falið að kalla saman fulltrúa foreldra og fulltrúa úr fræðslunefnd, Arndísi Harðardóttur, til þess að ræða breytingar á vistunartímabarna vegna erindis sem barst fræðslunefnd í september 2015.

4. Bréf frá leikskólastjóra

Fræðslunefnd styður tillögu leikskólastjóra um að auka starfshlutfall starfsmanns úr 70% í 100% stöðu. Með þeim hætti mun draga úr álagi leikskólastjóra við afleysingar og þar með ætti að skapast svigrúm til stjórnunarstarfa og fagvinnu. Málinu annars vísað til sveitarstjórnar þar

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "S.G.", "R.H.S.", "A.S.", and "R.R."

sem að um breytingar er að ræða frá samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

5. Jafnréttisáætlun

Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri greinir frá því að jafnréttisáætlun hefur verið skilað inn til Jafnréttisstofu eins og um var beðið.

6. Önnur mál

Menntastefnuhópur:

Formaður greinir frá breytingum fulltrúa.

Eyrún Elvarsdóttir er flutt af svæðinu og í hennar stað kemur Davíð Andri Agnarsson. Eyrúnu þökkuð góð störf og Davíð Andri boðinn velkominn.

Þórunn Júlíusdóttir hefur hætt störfum sem leikskólastjóri, Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri hefur tekið sæti í hópnum.

Fræðslunefnd leggur til að Jóhannes Elmar Jóhannesson Lange taki sæti í nefndinni. Þórunni þökkuð góð störf og Jóhannes boðinn velkominn.

Kl. 14:10 – 15:15

Kirkjubæjarskóli á Síðu

Mættir: Kjartan Kjartansson skólastjóri, Linda Agnarisdóttir, fulltrúi kennara og Guðbrandur Magnússon, fulltrúi foreldra.

1. Skóladagatal 2016 -2017

Skólastjóri leggur fram til kynningar og umræðu skóladagatal.

Skóladagatal 175 dagar án vetrarfrís borið upp til samþykktar. Samþykkt einhljóða.

2. Starfsmannamál vetur 2016 – 2017.

Skólastjóri greinir frá breytingum sem liggja fyrir næsta skólaár. Búið er að manna í afleysingastöður en útaf stendur staða íþróttakennara.

Starfsmannaráðningar eru í eðlilegum farvegi.

3. Sparkvöllur

Sparkvöllurinn er áfram lokaður en skólastjóri tók sýni úr vellinum sem sent var til rannsóknar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að gúmmíkurlíð sem er í vellinum stenst ekki kröfur söluaðila um mengun, þ.e hann veldur

Arb.

óeðlilegum óhreinindum. Þess vegna er ekki talið æskilegt fyrir börnin að vera á vellinum, þrátt fyrir að hann hafi verið hreinsaður snemma síðasta sumar. Sveitarstjóri er með málið á sínu borði og það er í vinnslu. Formaður fræðslunefndar ætlar að kanna hvar málið stendur.

4. Heimavist Fsu

Kjartan Kjartansson skólastjóri greinir frá breytingum nemendagarða við Fsu sem verða lagðir af.

Fræðslunefnd vill vekja athygli sveitastjórnar á að nemendagarðar sem FSU hefur leigt undir heimavist nemenda skólans verða ekki aðgengilegir næsta skólaár og leigusamningur rennur út í maí. Sem stendur eru engin úrræði í sjónmáli og gera má ráð fyrir að þetta hafi neikvæð áhrif á möguleika nemenda úr Skaftárhreppi til þess að stunda nám við FSU.

5. Önnur mál

Menntastefnuhópur:

Þórunn Edda Sveinsdóttir vikur þar sem að hún er ekki lengur foreldri nemanda í skólanum. Lára Dagný Sævarsdóttir tekur hennar sæti. Þórunni Eddu eru þökkuð góð störf og Lára boðin velkomin til starfa.

Sveinsdóttir

Kl. 15:15 -15:30

Fræðslunefnd

1. Málefni tónlistarskóla

Formaður greinir frá því að umsóknarfrestur rennur út 1. júní

2. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.41

Fundargerð ritar: Raket Pálmadóttir

Raket Pálmadóttir
Ragnheiður Elín Símonardóttir
Haraldur Harðardóttir
Raket Pálmadóttir

